

HRINGVEGUR
Um Haugaá og Vatnsdalsá í Skriðdal
Kynning framkvæmda

Magnús Björnsson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri
Júlí 2006

EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT	2
1.1	ALMENNT.....	2
1.2	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR.....	2
1.3	MATSSKYLDA.....	2
1.4	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	2
1.5	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR.....	3
1.6	LEYFISVEITENDUR	3
1.7	RANNSÓKNIR.....	3
2	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	4
2.1	STAÐHÆTTIR.....	4
2.2	NÚVERANDI VEGUR.....	4
3	FRAMKVÆMDALÝSING	5
3.1	VEGUR.....	5
3.2	RÆSI.....	5
3.3	EFNISÞÖRF	5
3.4	FRÁGANGUR.....	7
3.5	VINNUBÚÐIR	7
3.6	REKSTUR.....	7
	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	8
3.7	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM.....	8
3.7.1	Vegagerð	8
3.7.2	Efnistaka	8
4	ÁHRIF FRAMKVÆMDAR	9
4.1	LANDSLAG.....	9
4.2	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN.....	9
4.3	JARÐMYNDANIR	9
4.4	VATN OG VATNSVERNDARSVÆÐI.....	9
4.5	GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF	10
4.6	SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ.....	10
4.7	MENNINGARMINJAR	10
5	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	11
6	NIÐURSTAÐA	12
7	HEIMILDIR	13
8	TEIKNINGAR	13

1 YFIRLIT

1.1 ALMENNT

Vegagerðin fyrirhugar að enduruppbyggja um 4,3 km langan kafla af Hringvegi í Skriðdal og setja ræsi í Haugaá og Vatnsdalsá í stað einbreiðra brúa sem þar eru í dag. Framkvæmdarsvæðið er á Hringvegi, vagnúmer 1, um 36 km sunnan við Egilsstaði. Vegurinn verður endurbyggður frá Haugaá og að norðurenda Skriðuvatns. Ræsi verður sett í Vatnsdalsá 200 m neðar í ánni en núverandi brú er og verður vegurinn færður til á um 0,7 km kafla. Einnig verður varasöm beygja við norðurenda Skriðuvatns lagfærð. Með framkvæmdinni munu tvær einbreiðar brýr og hættulegar beygjur hverfa.

Framkvæmdasvæðið liggur um lönd Víðilækjar, Hauga og Vatnsskóga. Áætlað er að bjóða verkið út um sumarið 2006 og að framkvæmdum ljúki um seinni hluta sumars 2007.

Mögulegt er að framkvæmdinni verði skipt niður þannig að ræsi í Haugaá og hluti vegar í átt að Vatnsdalsá yrði tekið í öðrum áfanga.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið en með henni mun umferðaröryggi aukast á þessum kafla.

1.2 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi á Hringvegi í Skriðdal og tryggja greiðari samgöngur. Vegurinn verður 7,5 m breiður með 7,3 m breiðri klæðingu. Hönnunarhraði verður 90 km/klst.

1.3 MATSSKYLDA

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, viðauka 2 þar sem um er að ræða enduruppbyggingu á vegi utan þéttbýlis á verndarsvæði en samkvæmt Aðalskipulagi Austur Héraðs [nú Fljótshérað] 2002 – 2017 er framkvæmdin á grannsvæði vatnsverndar og á svæði á Náttúruuminjaskrá, sjá kafla 4.4 og 4.6.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

1.4 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Austurland. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er á Fljótshéraði.

Framkvæmdin afmarkast af efnistöku, byggingu ræsa og uppbyggingu vegar á svæðinu. Rekstur mannvirkja og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Mögulegt framkvæmdasvæði sést á teikningu 1.

1.5 LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSADILAR

Samráð verður haft við eftirtalda aðila og þeim send kynningargögn:

- **Landeigendur og ábúendur**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:
 - **Haugar:** Stefán Jónsson, Haugum, 701 Egilsstaðir.
 - **Vatnsskógar:** Ívar Björgvinsson, Steinum 7, 765 Djúpvogur
Laufey Sólmundsdóttir, Barðastöðum 9, 112 Reykjavík
 - **Víðilækur:** Metúsalem Björgvinsson og Víðilækur ehf,
Víðilæk, 701 Egilsstaðir
- **Sveitarstjórn Fljótshéraðs**, varðandi framkvæmdarleyfi
- **Umhverfisstofnun** um efnistöku og frágang á svæðinu.
- **Skipulagsstofnun** til að kanna matsskyldu framkvæmdar

1.6 LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Fljótshéraðs.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

1.7 RANNSÓKNIR

Vegagerðin hefur gert rannsóknir á efni á fyrirhuguðum efnistökuþöðum og á efni í vegstæði. Veglínin hefur verið þversniðsmæld. Ekki er talin þörf á öðrum rannsóknum.



Mynd 1. Horft til norðurs að brúnni yfir Vatnsdalsá. Kröpp beygja er sunnan við brúna.

2 STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1 STAÐHÆTTIR

Fyrirhuguð framkvæmd er í Skriðdal á Fljótsdalshéraði, frá Haugaá (Stuttadalsá), um Haugahóla, yfir Vatnsdalsá og að norðurenda Skriðuvatns. Á áreyrum Vatnsdalsár færast veglínan til vesturs frá núverandi vegi. Þar liggur veglínan yfir hálfgróna mela á 300 m kafla en yfir lítið og ógróna mela á um 400 m kafla þar til veglínan kemur inn á núverandi veg rétt við enda Skriðuvatns.

Haugaá er dragá og er vatnasvið hennar ofan við núverandi brú um 10 km². Stærstu flóð eru yfirleitt í leysingum á vorin. Rennsli árinna hefur ekki verið mælt en hönnunarflóðið (flóð með 50-ára endurkomutíma) hefur verið metið jafnt og 32 m³/s. Haugahólar eru framhlaup úr Haugafjalli. Vatnsdalsá er dragá og er vatnasvið árinna ofan við núverandi brú um 12,1 km². Stærstu flóð eru yfirleitt í leysingum á vorin. Rennsli árinna hefur ekki verið mælt en hönnunarflóðið (flóð með 50-ára endurkomutíma) hefur verið metið jafnt og 40 m³/s. Vatnsdalsá rann áður í Skriðuvatn norðar en hún gerir í dag. Farvegur árinna færðist til suðurs skömmu eftir að núverandi brú yfir Vatnsdalsá var byggð. Við þetta fór áin að flæða yfir gróið svæði sem var notað til beitar. Í dag er hluti árinna aftur farinn að renna norðar.

2.2 NÚVERANDI VEGUR

Á þessum kafla er Hringvegur (vegnúmer 1) mjór malarvegur. Sunnan við núverandi brú yfir Vatnsdalsá er kröpp og varasöm beygja og skammt frá heimreið að bænum Vatnsskógum, við norðurenda Skriðuvatns, er einnig varasöm beygja. Núverandi brú yfir Haugaá er 3,2 m breið og 10 m löng frá 1959. Núverandi brú yfir Vatnsdalsá er 3,2 m breið og 11 m löng frá 1961. Vegsvæði Hringvegar er 60 m breitt og nær 30 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Ársmásumferð Hringvegs á þessum kafla var 124 bílar á dag árið 2005. Framreiknuð umferð árið 2025, 20 árum seinna er 144 bílar á dag. Hlutfall þungra bifreiða hefur ekki verið metið.



Mynd 2. Horft niður með Haugaá. Efnistaka verður þar sem grafa er og í farvegi árinna, sjá kafla 3.3

3 FRAMKVÆMDALÝSING

3.1 VEGUR

Framkvæmdakafllinn liggur frá stöð 4500 utan við Haugaá, um 36 km sunnan við Egilsstaði, að stöð 8840 norðurenda Skriðuvatns, 160 m sunnan við heimreið að Vatnsskógum við, samtals 4,14 km.

Reiknað er með að framkvæmdasvæðið verði að jafnaði um 20-30 m breitt við Vatnsdalsá. Breiddin fer eftir hæð fyllinga og dýpt vegskeringa. Frá Haugaá og suður fyrir Haugahóla er framkvæmdasvæði aftur á móti nálægt því jafnbreitt og núverandi vegur. Vegurinn verður af vegtegund C1, sem er 7,5 m breiður vegur með 7,3 m breiðri klæðingu. Hönnunarhraði verður 90 km/klst.

Veglína frá Haugaá og að syðri enda Haugahóla helst óbreytt. Á þessum kafla verður burðarlag bætt og klæðing sett á veginn þannig að vegur hækkar um það bil um 30-50 cm að jafnaði. Vegur verður einni breikkaður á þessum kafla til að hann uppfylli vegstaðla. Frá syðri enda Haugahóla færast vegstæði niður á óraskaðar áreyrar beggja megin Vatnsdalsár (sjá teikningu 1). Með þessu fæst mun betri veglína þar sem kröpp beygja sunnan við núverandi brú hverfur. Vegurinn á þessum stað verður að mestum hluta byggður á fyllingum en skeringar eru í áreyrarnar norðan við Vatnsdalsá og við norðurenda Skriðuvatns.

Búast má við að umferð um svæðið tefjist lítillega meðan á framkvæmdum stendur. Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla.

3.2 RÆSI

Í Haugaá verða sett tvö stálröraræsi á sama stað og núverandi brú er (stöð 4700). Hvort ræsi verður 3 m í þvermál. Ræsi verða að hluta til grafin niður í árbotninn. Farvegur Haugaár neðan við veg verður lagfærður á stuttum kafla.

Í Vatnsdalsá verður sett ellipsulagað stálpöturæsi með botnbreidd 6,0 m og hæð 3,6 m í stöð 8150. Botnlengd ræsisins er 29 m. Talsverður framburður er í ánni og því er ráðgert að setja 0,1 m þykkt lag af steypu í botn ræsisins. Við Vatnsdalsá verður farvegur færður til á um 350 m kafla neðan ræsis. Með þessu færast áin til norðurs líkt og landeigendur hafa farið fram á.

Sett verða vegrið við bæði ræsin

3.3 EFNISÞÖRF

Áætluð efnisþörf í verkið er um 49.400 m³ sem að mestu verður fengið úr mótun farvegs Vatnsdalsár, úr námu við Haugaá og úr skeringum. Reiknað er með 22.300 m³ í fyllingar og fláafleyga, 7.500 m³ í efra burðarlag, 18.500 m³ af neðra burðarlagsefni og 1.100 m³ af efni í klæðingu. Efni úr skeringum er um 6.300 m³.

Tafla 2. Efnisþörf

	<i>magn (m³)</i>
Klæðing	1.100
Efra burðarlagsefni	7.500
Neðra burðarlagsefni	18.500
Fyllingar og fláafleygar	22.300
Samtals	49.400

Tafla 3. Efnistaka

	Klæðing (m ³)	Efra Burðarlag (m ³)	Neðra burðarlag (m ³)	Fyllingar og fláafleigar (m ³)	Samtals (m ³)
Farvegur Vatnsdalsár			9.500	16.000	25.500
Náma 1 – Haugaá *	1.100 **	7.500	9.000		17.600 **
Náma 2 – Grímsá	(1.100)				(1.100)
Skeringar				6.300	6.300
Samtals	1.100	7.500	18.500	22.300	49.400

* Samanlagt efni í farvegi beggja megin við veg og úr áreyrum ofan við veg

** Óvíst er hvort efni í Haugaá sé nothæft í klæðingu

Náma 1 – Haugaá

Námu 1 – Haugaá má skifta í tvo tvennt, áreyrar ofan við veg (1a) og farveg árinna (1b).

Náma 1a er ofan við veg, sunnan megin við Haugaá. Efni á þessum stað er gróf möl og grjót sem þarf að vinna í burðarlag. Gert er ráð fyrir að náman verði að jafnaði um tveggja metra djúp. Náman er í ógrónar áreyrar. Náman er um 140 m frá vegi til móts við stöð 4900. Efni hefur ekki áður verið tekið á þessum stað.

Í námu 1b er efnistaka bæði ofan og neðan við veg. Gert er ráð fyrir að taka efni úr farvegi Haugaár meðfram námu 1a en tekið hefur verið úr ánni á þessum stað reglulega undanfarna áratugi. Þetta hefur verið gert þar sem talsverður framburður af grjóti hefur hlaðist þarna upp. Einnig er gert ráð fyrir að lagfæra faveg Haugaár neðan við veg en áin er farin að liggja sunnar en hún hefur gert og er farin að grafa úr grónu landi þar. Bakkar farvegar verða hafðir óreglulegir þannig að efnistaka verði minna áberandi.

Samtals er ger ráð fyrir að taka 17.600 m³ af efni í burðarlag og klæðingu úr Námu 1. Reynist efni ekki nothæft í klæðingu minnkar efnistaka niður í 16.500 m³.

Náma 2 – Grímsá

Náman er 22,5 km norðan við framkvæmdarsvæðið. Efni er tekið úr farvegi Grímsár eða af áreyrum hennar rétt neðan við brú á Upphéraðsvegi. Hér er mögulegt að taka efni í klæðingu gerist þess þörf, um 1.100 m³. Efnistaka er þegar á þessum stað, m.a. á klæðingarefni.

Farvegur Vatnsdalsár

Fyrirhugað er að móta farveg Vatnsdalsár á um 300-350 m löngum kafla. Farvegurinn verður um 30-35 m breiður og 2-2,5 m djúpur á svipuðum stað og megin farvegur er í dag. Fyrirhugað er að nota efnið úr farveginum í fyllingu og neðra burðarlag. Áætlað er að taka um 25.500 m³ úr farveginum. Bakkar farvegar verða óreglulegir þannig að efnistaka verði minna áberandi. Efnistaka úr farveginum er í fullu samráði við eigendur Vatnsskóga og að þeirra ósk.

3.4 FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi náma, vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar og námur verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi í samræmi við gróður í nágrenninu. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Að ósk landeigenda verða núverandi brú yfir Vatnsdalsá og vegur við hana verða látin standa áfram. Vegurinn nýtist því sem hluti af reiðvegi í framtíðinni og áin helst betur í farvegi sínum.

3.5 VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.6 REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.



Mynd 3. Horft niður með Vatnsdalsá frá núverandi brú. Farvegur verður dýpkaður þar sem kvíslin lengst til hægri er á myndinni.

UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

3.7 ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

3.7.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar endurbyggður er gamall vegur má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð vegalagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

3.7.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

4 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR

4.1 LANDSLAG

Vegurinn liggur á þessum kafla um Skriðdal til suðurs frá Egilsstöðum. Fyrstu 3 km frá Haugaá fylgja núverandi vegi en veglínan sveigir síðan til vesturs frá núverandi vegi í stöð 7700, norðan Vatnsdalsár. Á milli stöðva 7700 og 7960 liggur veglínan um hálfgróna áreyrar en síðan yfir lítið og ógrónar eyrar að stöð 8800 þar sem veglína liggur inn á núverandi veg. Ræsi í Haugaá kemur í stöð 4700 og ræsi í Vatnsdalsá kemur í stöð 8140.

Áhrif á landslag

Framkvæmdin mun hafa áhrif á landslag þar sem veglínan fer um óraskað land á um 700 m löngum kafla við Vatnsdalsá. Efni hefur ekki áður verið tekið úr Námu 1, Haugaá og annað efni kemur úr skeringum og úr farvegum Haugaár og Vatnsdalsár. Við lagfæringu farvega verða bakkarnir hafðir óreglulegir til þess að breytingar verði minna áberandi.

Gengið verður þannig frá vegsvæði að vegur falli vel að landi. Sáð verður í vegkanta eftir því sem við á.

4.2 LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Framkvæmdin er í landi Víðilækjar, Hauga og Vatnsskóga á Fljótsdalshéraði.

Áhrif á landnotkun

Vegfarendur munu verða varir við framkvæmdirnar þar sem þær eru að hluta til á núverandi vegi. Vegurinn mun ekki hafa áhrif á landnotkun.

4.3 JARÐMYNDANIR

Vegurinn frá Haugaá og um Haugahóla verður lagfærður. Haugahólar eru framhlaup úr Haugafjalli. Vegurinn liggur um óraskaðan hluta áreyja Vatnsdalsár.

Áhrif á jarðmyndanir

Norðurendi framkvæmdasvæðis liggur um Haugahóla. Á þessu svæði verður vegur hækkaður og breikkaður og klæddur bundnu slitlagi en veglína mun ekki breytast þar þannig að engin áhrif verða á hólana. Ásýnd áreyja Vatnsdalsár mun breytast vegna nýrrar veglínu og færslu á farvegi árinna. Vegagerðin telur að framkvæmdin muni ekki hafa teljandi áhrif á jarðmyndanir.

4.4 VATN OG VATNSVERNDARSVÆÐI

Ræsi verður sett í Haugaá og Vatnsdalsá í stað núverandi brúa. Við suðurenda framkvæmdasvæðis er Skriðuvatn. Framkvæmdasvæði er á grannsvæði vatnsverndar skv. Aðalskipulagi Austur Héraðs [Fljótsdalshérað í dag] 2002 – 2017.

Áhrif á vatn og vatnsverndarsvæði

Vegurinn liggur hvergi um votlendi. Farvegur Haugaár verður lagfærður neðan við núverandi brú. Farvegur Vatnsdalsár verður lagfærður neðan við ræsið en helst óbreyttur ofan við það. Efni verður tekið úr farvegum beggja ána en botninn verður samskonar og hann er í dag. Settir verða garðar til að stýra farvegi Vatnsdalsár. Áin mun koma norðar í Skriðuvatn líkt og ein kvísl árinna er farin að gera í dag. Vegagerðin álitur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á grannsvæði vatnsverndar og óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

4.5 GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Veglína frá Haugaá og suður fyrir Haugahóla helst óbreytt. Vegurinn við Vatnsdalsá fer um áreyrar sem eru óraskaðar og hálfgrónar að hluta en annars lítið grónar.

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna á framkvæmdasvæði eða í nágrenni þess. Fiskur er í Skriðuvatni og mikið lífríki.

Áhrif á gróðurfar

Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði óveruleg. Gróðurlendi mun þó skerðast lítillega þar sem vegur fer yfir óraskað land.

Áhrif á dýralíf

Framkvæmdin getur haft tímabundin truflandi áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Talið er að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á lífríki Skriðuvatns þó farvegur Vatnsdalsár sé færður norðar en hann er í dag. Reiknað er með að áhrif á dýralíf verði óveruleg.

4.6 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Framkvæmdasvæði er á Náttúruminjaskrá sem er eftirfarandi;

***Þingmúli, Skriðuvatn, Haugahólar og Vatnaskógar, Skriðdalshreppi [nú Fljótsdalshéraði], S-Múlasýslu.** (1) Lönd jarðanna Þingmúla og Múlastekks milli Múlaár og Geitdalsár frá ármótum suður í og með Hálsamótum. Þá áfram suður með Múlaá, Skriðuvatn og svæði milli Forviðarár og Stuttadals, þ.e. vesturhlíðar Vatnsskógafjalls og Haugafjalls. (2) Rætur fornrar megineldstöðvar (Þingmúli), fjölbreyttar jarðmyndanir, framhlaup og steingervingar frá tertíer. Söguminjar við Þingmúla. Skriðuvatn er lífríkt vatn í gróðursælu umhverfi.*

Áhrif svæði á Náttúruminjaskrá

Veglína um Haugahóla helst óbreytt og því verður ekkert rask þar. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á þá þætti sem eru taldir upp í Náttúruminjaskrá

4.7 MENNINGARMINJAR

Engar friðlýstar fornleifar eða sjáanlegar fornleifar eru í vegsvæðinu eða nágrenni þess.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

Áhrif á fornminjar

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma, sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Austurlands um aðgerðir.

5 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verk tíma nema að námu.
- Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari að öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúíðr gilda.
- Gerðar verða kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olíusmit frá þeim.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.
- Landeigendum verða greiddar bætur fyrir efni úr námum sem notað verður til vegagerðar og landbætur vegna skerðingar á landi.
- Gengið verður frá námusvæði í verklok og það jafnað og sléttað. Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni þar sem við á.

6 NIÐURSTAÐA

- Vegur verður enduruppbyggður á um 4,3 km kafla.
- Mögulegt er að verkinu verði áfangaskift.
- Við framkvæmdina verða sett ræsi í Haugaá og Vatnsdalsá.
- Vegurinn fylgir núverandi vegi frá Haugaá og suður fyrir Haugahóla en fer um áður óraskað svæði við Vatnsdalsá og hefur því áhrif á landslag þar.
- Veglína við Vatnsdalsá verður færð til vesturs miðað við það sem hún er í dag. Kröpp beygja við núverandi brú yfir Vatnsdalsá verður lögð af.
- Efnistaka er fyrirhuguð úr vegskeringum á vegsvæði, úr lagfæringum á farvegum Haugaár og Vatnsdalsár og úr námu við Haugaá.
- Framkvæmdasvæði er á grannsvæði vatnsverndar og er á Náttúruminjaskrá.
- Kanna þarf matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Gæta þarf að leka frá tækjum á framkvæmdatíma þar sem um grannsvæði vatnsverndar er að ræða.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þar sem einbreiðar brýr eru fjarlægðar og krappar beygjur eru aflagðar.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg. Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sár í landinu sem minnst áberandi.
- Núverandi brú yfir Vatnsdalsá og vegur beggja megin við hana verður látið standa áfram að ósk landeiganda.

7 HEIMILDIR

1. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfissráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
2. Náttúruminjaskrá, desember 2005: Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is/natturuvernd/natturuminjaskra.
3. Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017

8 TEIKNINGAR

- Teikning 1. Vegagerðin, (2006): Yfirlitskort
- Teikning 2. Vegagerðin, (2006): Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu, mkv. 1:10.000